

Starfsreglur og hlutverk Öldungadeildar VR

1.gr.

Öldungadeild VR er baráttuhópur fyrir réttindum aldraðra auk þess að vera umræðu- og samráðsvettvangur allra þeirra sem einhverntíma hafa greitt iðgjöld til VR og eru 65 ára og eldri.

Hlutverk þeirra er að móta og endurskoða stefnu félagsins hverju sinni í málefnum eldri félagsmanna.

2.gr.

Öldungadeild VR leitar samvinnu við önnur stéttarfélög og hagsmunasamtök eldri borgara sem berjast fyrir réttindum launafólks og eldri borgara gagnvart atvinnurekendum, lífeyrissjóðum og ríkisvaldi.

3.gr.

Öldungadeild VR skal funda að jafnaði fjórum sinnum á ári. Slíkir fundir geta verið jafnt með hefðbundnum hætti eða sem fjöldafundur almennra borgara, mótmælafundur, ráðstefna um málefni aldraðra, og/eða í samvinnu við önnur félög og samtök.

4.gr.

Öldungadeild VR ályktar um þau málefni og baráttumál sem það fjallar um og kemur slíkum ályktunum á framfæri í fjölmiðlum og á vettvangi félagsins.

5.gr.

Forystusveit Öldungadeildar VR - Öldungaráð VR – skal skipað 6 eldri félagsmönnum með jöfnum kynjahlutföllum sem skipta sjálf með sér verkum. Í Öldungaráð VR er skipað annað hvert ár þar sem 3 eru tilnefndir af stjórn VR á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund VR og að því loknu eru 3 kosnir af Öldungadeild VR allir 6 til tveggja ára. Að auki situr formaður VR jafnan í Öldungaráði VR með fullan atkvæðarétt.

6.gr.

Öldungaráð VR fundar annan hvern mánuð eða oftár ef þurfa þykir. Ráðsmenn koma áfram hugmyndum Öldungadeildar VR til stjórnar félagsins til nánari ákvörðunar og framkvæmdar.

*I. **Ákvæði til bráðabirgða***

6 manna Öldungaráð VR er í fyrsta skipti skipað af stjórn VR til eins árs fram að Aðalfundi VR 2021 en eftir það er skipað samkvæmt 4. gr.

Samþykkt af stjórn VR á stjórnarfundum 1199. þann 12. febrúar 2020